



# Ársskýrsla Siðmenntar

2022



© Siðmennt, félag siðrænna  
húmanista á Íslandi  
Laugarvegur 178  
105 Reykjavík

533-5550  
sidmennt.is

Ábyrgð: Sigprúður Guðmunddóttir  
Ljósmyndir: Haraldur Jónasson, Gunnhildur Lind,  
Björn Austmar Þórsson, Inga Auðbjörg K. Straumland,  
Humanists International, Rita Osório og fleiri.  
Umbrot: Inga Auðbjörg K. Straumland

# Efnisyfirlit

Ávarp formanns	4
Ávarp framkvæmdastjóra	6
Innra starf	8
Athafnaþjónusta	11
Borgaraleg ferming	17
Alþjóðastarf og viðburðir	23
Baráttan fyrir veraldlegu samfélagi	28
Fjármál og ársreikningar	31



“

Það verða lækir og ár og fjöll og mýrar á leiðinni, en við erum ágætlega skóuð og í sameiningu ættum við að geta komist langt. Siðmennt er fólkið og fólkið er Siðmennt.

”

# Allt fram streymir

Inga Auðbjörg K. Straumland  
formaður

Árið 2022 var ár breytinga í mínu lífi. Það einkenndist af stórum skrefum; sumum þungum, öðrum léttari, en alltaf stórum - svona skrefum sem við tókum þegar við þverum lækjarsprænu sem er næstum of breið til að stökkva yfir, en ekki nógu stór til að við nennum að vaða, sem kallar á að farið sé úr sokkum og skóm og handklæðið sótt, neðst í bakpokann. Nei, svona skref, þar sem það þarf bara að bíta á jaxlinn og vona að atrennan dugi til að þú stígir ekki ofan í lækinn. Svona skref þar sem þú verður bara að treysta því að árbakkinn hinum megin haldi, en molni ekki niður við þungann og þú sökkvir í drulluna.

Ég steig mörg svona skref á síðasta ári. Stundum komst ég klakklaust yfir, þurr í báða fætur. Stundum sökk ég í drulluna og stundum steig ég í ískalt vatnið. En yfir ána komst ég á endanum. Sum þessara skrefa voru í mínu persónulega lífi. Ég skildi við manninn og stokkaði upp heimilinu; þrangaði upp á hann ónýtu samlokugrilli í skiptum fyrir Sonos-háttalarana sem ég hef ekki ennþá komið í gang eftir að upprunalega internettengingin flutti út af heimilinu. Ég skipti líka um vinnu og það má segja að ég hafi eiginlega komið út úr skápnum, þó þetta sé raunar í fyrsta skipti sem ég skil það eftir mig á prenti. Held ég. Ég dró alls konar mörk og vann í sjálfri mér og tapaði sumum slögum og vann aðra.

Önnur skref voru á vegferð félagsins sem ég hef varið systurparti frítíma míns í. Við innleiddum nýja námskrá í fermingarfræðslunni, sem var tímabær á til að þvera, en kannski hefðum við mátt fara yfir hana á vaðinu, frekar en á stökkinu. Við skiptum um húsnæði, af bráðri nauðsyn. Við komumst yfir þann læk en vitum ekki alveg hvort við séum á réttum áfangastað eða ekki. Svo skiptum við um framkvæmdastjóra. Sumar ár eru kaldari en aðrar. En við hoppuðum líka yfir gleðilegri lækjarsprænu. Við prófuðum að bjóða upp á ókeypis hjónavígslur - Hoppað í hnapphelduna - í fyrsta skipti. Það var gaman og þakklátt og gott að geta gert fólki kleift að ganga í hjónaband með litlum tilkostnaði, en samt á hátiðlegan máta. Við útskrifuðum 15 nýja athafnastjóra í kjölfarið á endurskoðuðu nýliðanámsskeiði, sem ég held að leggi svolítið línurnar fyrir kennsluhætti félagsins til framtíðar. Við tókum þátt í að leggja niður Evrópusamtök húmanista og setja á fótinn nýjar leiðir til samstarfs og lögðum okkar lóð á vogarskálarnar við undirbúning heimsþings húmanista, sem Siðmennt heldur í Kaupmannahöfn sumarið 2023 ásamt systurfélögum sínum á Norðurlöndunum. Við sendum fulltrúa á sálgæslunámsskeið í Niðurlöndum og buðum upp á málþing um mörkin milli þess að vinna vinnuna sína og fylgja sannfæringu sinni, sér í lagi þegar að kemur að meðferð umsækjenda um alþjóðlega vernd. Allt í allt var félagið stærra og sýnilegra en nokkru sinni fyrr; málsmetandi í almennri umræðu og þjónustuaðili fyrir ótal fjölskyldur sem óska eftir húmanískum áherslum á lífsins tímamótum. Og auknum sýnileika og víðtækari þjónustu fylgja óhjákvæmilegri fleiri árekstrar og meiri ábyrgð, og stórkostlega starfsfólkið okkar og forysta félagsins hefur tekist á við þau verkefni af alúð, þjónustulund og ábyrgð. Stundum gerum við mistök og stígum í lækinn eða drulluna á bakkanum, en alltaf höldum við áfram, reynslunni ríkari.

Við höfum stillt kúrsinn. Við vitum svona nokkurn veginn hvert við stefnum. Það verða lækir og ár og fjöll og mýrar á leiðinni, en við erum ágætlega skóuð og í sameiningu ættum við að geta komist langt. Siðmennt er fólkið og fólkið er Siðmennt. Ekkert okkar nær þessum árangri einsamalt, en með sístækkandi föruneysi tókumst við á við áskoranirnar sem á vegi okkar verða. Því eins og afríski málshátturinn segir: Ef þú vilt fara hratt yfir, farðu á eigin spýtur. En ef þú vilt fara langt; taktu einhvern með þér.

*Inga Straumland*



Ávarp framkvæmdastýru

# Siðmennt við fyrstu sýn

Sigprúður Guðmundsdóttir  
framkvæmdastýra

Það getur verið óttalegt bras að gera eitthvað í allra fyrsta sinn og þá er gott að skoða það sem áður hefur verið gert.. Áður en ég byrjaði á þessari fyrstu skýrslu minni sem framkvæmdastýra Siðmenntar skoðaði ég skýrslur forvera míns í starfi. Sú síðasta var 801 orð og þar sem ég var framkvæmdastýra eingöngu fjóra síðustu mánuðum ársins ætti mín eiginlega bara að vera 267 orð. Hún verður samt lengri en það. Áður en hóf störf hjá Siðmennt vissi ég ekki sérlega mikið um félagið, þó vissi ég eitt og annað um borgaralegar fermingar og veraldlegar athafnir, hafði orðið vör við þras formannsins við kirkjunnar fólk og þekkti tengingu við húmanisma. Í mínu fyrra starfi hafði ég tekið við styrk frá Siðmennt svo ég vissi að stundum styrkti félagið ýmis málefni, en öllu meira vissi ég ekki. Núna veit ég meira um Siðmennt og húmanisma. Ég hef komist að því að í Siðmennt lifir sjálfbóðaliðamenningin góðu lífi. Alla daga eru stjórnarfolk og aðrir sjálfbóðaliðar að leggja sitt af mörkum til þess að félagið megi lifa og húmanisminn dafna, ekki alltaf sammála um það hvaða leiðir skuli fara en sammála um stefnuna. Ég hef komist að því að í Siðmennt er fólk sem raunverulega horfir á útsendingu frá kirkjubing. Í Siðmennt er oftast níundi en reyndar stundum áttundi hvers mánaðar þrunginn svolitilli spennu því þá birtir Þjóðskrá upplýsingar um skráningu í

lífsskoðunarfélög og við biðum spennt eftir því að heyra hversu mikið „mest“ við höfum stækkað á milli mánaða. Í Siðmennt starfa meira en fimmtíu athafnastjórar sem leggja sig í líma við að gera gleði- og sorgarstundir viðskiptavina sinna eftirminnilegar, klæðskerasniðnar og uppbyggilegar. Í fyrra fermdust rúmlega sex hundruð og þrjátíu unglingar borgaralega og í ár verða þau fleiri en nokkru sinni. Í fermingarfræðslunni er börnum ekki troðið ofan í box heldur leggur starfsfólk sig í líma við að sníða fræðsluna að getu, líðan og áhugasviði hvers unglings. Ég hef ekki tölu á þeim símtölum sem ég hef orðið vitni að þar sem foreldri hefur gleymt að skrá eða ekki náð að borga, þar sem barn vill skipta um fræðsluhóp eða tíma fermingarathafnar eða einhver er of kvíðinn til að mæta í alla tímana, og úr öllum erindum er leyst af einlægum vilja til að upplifun barnsins verði sem best og angist foreldranna sem minnst. Ég hef stundum hugsað með mér hvað það væri gott ef öll fræðslukerfi landsins væru svona barnvæn og sveigjanleg. Ég hef fengið að vera við veraldlegar útfarir og verða vitni að því að athafnastjórar sem allajafna eru háværir grallarar skrúfa niður í galsanum og tala af virðingu og rósemd um látna manneskju og með hlýju til aðstandenda. Við tölum mikið um dauðann hjá Siðmennt en samt fyrst og fremst um lífið, hvort sem það er hið nýja líf barns sem fær nafnið sitt við hátíðlega en afslappaða athöfn eða minningin um liðið líf á kveðjustund. Hjá Siðmennt þykir ekkert tiltökumál að gera hlé á nafngjafarathöfn ef nafnþeginn rekur upp gól eða gefur frá sér óhátíðlega lykt. Heldur ekki að þramma upp á fjall og gefa fólk saman í hjónaband í fimbulkulda. Við setningu þings að hausti er þingmönnum boðið til hugvekju og hvatningu til

góðra verka. Ég varð hissa í haust þegar ég sá að þau sem mættu fengu skömm í hattinn í kommentakerfum. Ég varð líka hissa og varð eiginlega ekki um sel á mínu fyrsta athafnastjórabingi þegar ég varð vitni að því hvað hópurinn var óskaplega hress og að öll vildu lesa

“

Þannig er Siðmennt;  
stundum alveg óborganlega  
hress, næstum óbærilega,  
gæti sumum fundist, með  
karóki, nasaflautudiskóbingó  
og nafnaleikjum, og stundum  
sorgmædd, hæglát og leitandi  
að huggun í lífsskoðun sem  
gerir ráð fyrir því að  
jarðlífið sé eina lífið.

”

Það verður gaman að fylgjast með Siðmennt í framtíðinni. Komast að því hvenær veraldlegt lífsskoðunarfélag hoppar upp um sæti og verður fimmta stærsta lífsskoðunarfélagið á Íslandi. Það verður gaman að sjá Hörpu og mörg önnur hús fyllast af fermingar börnum og fjölskyldum þeirra í vor. Það verður gaman að sjá drauminn um veraldlega sálgæslu verða að veruleika einhvern tíma í framtíðinni. Það verður gaman þegar þingsetningarhátíðin fer úr böndunum af því að allt of margir mæta. Það verður gaman þegar við verðum öll búin að læra textann hennar Ingu við jólalagið hans Tim Minchin og kyrjum allan desember að þó hugmyndir fari á flug þá sé ekkert sem geri þær gildar.

upp ljóðin sín úr ritlistarsmiðjunni. Þannig er Siðmennt; stundum alveg óborganlega hress, næstum óbærilega, gæti sumum fundist, með karóki, nasaflautudiskóbingó og nafnaleikjum, og stundum sorgmædd, hæglát og leitandi að huggun í lífsskoðun sem gerir ráð fyrir því að jarðlífið sé eina lífið. Og stundum hversdagsleg með gerð persónuverndarstefnu, bleklausum prentara og ógreiddum reikningum. Stundum reið yfir óréttlæti, hefðum sem hafa engan tilgang, mannréttindabrotum og því að í margvíslegum aðstæðum er ekki gert ráð fyrir margvíslegum lífsskoðunum. Stundum hissa á því hvað heimurinn breytist hægt en stundum hlakkandi yfir því að allt er á hverfanda hveli. Alltaf valkostur, og það er gott að hafa frelsi til að velja.

Það verður gaman að fylgjast með Siðmennt í framtíðinni. Komast að því hvenær veraldlegt lífsskoðunarfélag hoppar upp um sæti og verður fimmta stærsta lífsskoðunarfélagið á Íslandi. Það verður gaman að sjá Hörpu og mörg önnur hús fyllast af fermingar börnum og fjölskyldum þeirra í vor. Það verður gaman að sjá drauminn um veraldlega sálgæslu verða að veruleika einhvern tíma í framtíðinni. Það verður gaman þegar

# Innra starf

## Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri stýrir daglegu starfi félagsins, fer með mannauðsmál og rekstur, svarar fyrirspurnum og sér um að framfylgja samþykktum stjórnar. Framkvæmdastjóri Siðmenntar fyrri hluta árs var Siggeir Fannar Ævarsson. Siggeir hóf störf haustið 2018 og lauk störfum í apríl 2022. Við starfi framkvæmdastjóra tók Sigþrúður Guðmundsdóttir.

## Verkefnastjóri borgaralegra ferminga

Verkefnastjóri borgaralegra ferminga er Heiðrún Arna Friðriksdóttir. Heiðrún sinnir umsýslu vegna fermingarfræðslu og athafna, á í samskiptum við fermingarráð, foreldra og leiðbeinendur og sinnir upplýsingagjöf um fermingar. Heiðrún hóf störf árið 2019.

## Verkefnastjóri athafnaþjónustu

Verkefnastjóri athafnaþjónustu er Tinna Jóhannsdóttir. Tinna hóf störf í vor og helstu viðfangsefni hennar eru samskipti við þjónustuþega athafnaþjónustu, fundir og þjálfun athafnastjóra og starf með athafnaráði Siðmenntar.

## Tímabundið starf: Verkefnastjóri athafnaþjálfunar

Í árslok 2021 var ráðinn tímabundinn verkefnastjóri athafnastjóri í hálfu starf til fjögurra mánaða, Inga Auðbjörg K. Straumland. Tilgangurinn með ráðningunni var að endurskoða fyrirkomulag nýliðaþjálfunar félagsins og stýra þjálfun nýrra athafnastjóra. Inga var við þetta í hálfu starfi fjóra mánuði, frá desember 2021 til apríl 2022.

## Tímabundið starf: Verkefnastjóri fræðslumála

Kolbrún Ósk Pétursdóttir var í október ráðin í tímabundið starf verkefnastjóra fræðslumála. Helsta hlutverk hennar er að aðstoða leiðbeinendur í fermingarfræðslu með þjálfun og námsefnisgerð.

## Starfsfólk

**Fyrir utan fasta starfsmenn á skrifstofu starfar töluverður fjöldi verktaka fyrir félagið, sem athafnastjóra og leiðbeinendur við fermingarfræðslu, eða um 70 einstaklingar alls.**



## Skrifstofurekstur

Frá hausti 2019 leigði félagið skrifstofurými af AFS-samtökunum í Skipholti 50c, og hafði þar jafnframt aðgang að fundarými, litlum sal og eldhúsaðstöðu. Ákveðið var að flytja í tímabundið húsnæði í júní 2022 af heilsufarsástæðum (vegna húsmýglu). Skrifstofan fluttist því í Regus- skrifstofuhótelið á Hafnartorgi yfir sumarið, en svo í nýtt skrifstofuhúsnæði á Laugavegi 178 um haustið. Félagið á ekki eigið húsnæði og leigir því skrifstofuhúsnæði og aðra aðstöðu.

## Stjórn Siðmenntar

Stjórn Siðmenntar fer með æðsta vald í félaginu á milli aðalfunda. Stjórnin hittist að jafnaði einu sinni í mánuði og fundaði 13 sinnum á formlegum fundum árið 2022. Fundargerðir stjórnar eru birtar á vef félagsins.



### 2021-2022

#### Aðalstjórn

Inga Auðbjörg K. Straumland  
Sveinn Atli Gunnarsson  
Kristín Sævarsdóttir  
Sigurður Rúnarsson  
Árný Björnsdóttir

#### Varafulltrúar

Kristín Helga Schiöth  
Hope Knútsson  
Mörður Árnason  
Stefán Rafn Sigurbjörnsson

### 2022-2023


#### Aðalstjórn

Inga Auðbjörg K. Straumland  
Sveinn Atli Gunnarsson  
Kristín Sævarsdóttir  
Sigurður Rúnarsson  
Kristín Helga Schiöth

#### Varafulltrúar

Guðjón Sigurbjartsson  
Hope Knútsson  
Mörður Árnason  
Stefán Rafn Sigurbjörnsson

## Þróun félagafjölda frá 2014



Myndin sýnir fjölda félaga árin 2014–2023. Félagið hefur vaxið mjög ört síðan það fékk skráningu sem lífsskoðunarfélag.

## Fjöldi félaga

Skráðir félagar í Siðmennt í Þjóðskrá voru 4.618 1. desember 2021 en ári síðar höfðu rúmlega 700 félagar bæst í hópinn, sem taldi 5.353 í desemberbyrjun árið 2022. Rétt eins og árin á undan var Siðmennt í mestri sókn meðal stærri lífsskoðunarfélaga.

Frá því að félagið fékk opinbera skráningu sem lífsskoðunarfélag vorið 2013 hefur fjöldi félaga rúmlega fimmtánfaldast, en félagar voru um 300 talsins við lögformlega skráningu félagsins. Við skrifum þessa fjölgun ekki síst á fagmennsku erindrekanna okkar; athafnastjóra og fermingarleiðbeinenda, sem á gleði- og sorgarstundum í lífi fólks halda uppi nafni og hugsjón Siðmenntar um allt land.

## Ráð og nefndir

### Athafnaráð

Hlutverk athafnaráðs er að móta athafnaþjónustu félagsins, meta þörf á þjálfun og stuðla að auknum gæðum.

### Athafnaráð 2021–2022

Arnar Snæberg Jónsson  
Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson  
Tinna Jóhannsdóttir

### Athafnaráð 2022-2023

Arnar Snæberg Jónsson, formaður  
Anna Brynja Baldursdóttir  
Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson  
Margrét Gauja Magnúsdóttir  
Ragnar Ísleifur Bragason  
Íris Stefanía Skúladóttir (lét af störfum í október 2022)

## Aðalfundur

Aðalfundur Siðmenntar 2022 var haldinn þriðjudaginn 15. mars frá kl. 19 á skrifstofu Siðmenntar, Skipholti 50c. Á fundinum var samþykkt [ályktun vegna innrásar Rússlands í Úkraínu](#).





# Athafnaþjónusta



Athafnaungi gefur saman  
samnemendur sína í verklegri  
æfingu á athafnastjóranámskeiði.

# Athafna- þjónusta

## Almennt

Það er óhætt að segja að athafnabókanir hafi tekið kipp þegar samkomutakmörkunum var aflétt endanlega snemma vors og hélst sá vöxtur út árið. Árið 2022 var metár í öllum tegundum athafna en 60% aukning varð á fjölda framkvæmdra hjónavígslna á vegum félagsins. Sú breyting hefur orðið á umsýslu athafna að eftirspurn eftir einkafermingum, sem mikil aukning varð á í heimsfaraldri, virðist komin til að vera. Einkafermingar eru í þessari skýrslu með í samtölum fyrir athafnir.

## Athafnastjórar

Í lok árs voru 50 athafnastjórar með gild vígsluréttindi. Um hluti þeirra er óvirkur af ýmsum ástæðum. Siðmennt sinnir athöfnum um allt land, en flestir athafnastjórana eru búsettir á suðvesturhorninu. Auk höfuðborgarsvæðisins hefur félagið á að skipa athafnastjórum í Sandgerði, Hvalfjarðarsveit, Borgarnesi, á Snæfellsnesi, Patreksfirði, Ísafirði, Dalvík, Akureyri; í Neskaupstað, á Höfn í Hornafirði og Rangárvöllum, Laugalandi í Holtum og Vestmannaeyjum.

## Nýliðabjálfun

Í fyrsta sinn síðan 2018 var í boði nýliðabjálfun, en talsverð eftirspurn hefur að undanfögnu verið eftir því að gerast athafnastjóri. Að loknu inntökugerli voru 15 umsækjendur valdir á námskeið, sem fram fór á vordögum 2022. Námskeiðið fólst í tveggja helga verklegu námi, auk heimaverkefna og handleiðsluferlis. Leiðbeinendur á námskeiðinu voru Tinna Jóhannsdóttir, Arnar Snæberg Jónsson og Bæring Jón Breiðfjörð, auk verkefnastýru athafnabjálfunar, Ingu Auðbjörg K. Straumland. Lagt var upp með að endurskoða kennsluhætti og var námið fjölbreytt, áhersla lögð á verklega þætti og reynt að virkja áhuga nemenda. Athafnastjóranýliðarnir voru útskrifaðir á Athafnastjórabíngi 15. október. Allir namar luku þjálfun og er hópurinn mjög fjölbreyttur og hæfileikaríkur. Þá stækkaði þjónustusvæði Siðmenntar talsvert, því nýju athafnastjórnarnir eru frá Húsavík, Snæfellsnesi, Patreksfirði og Rangárbíngi auk höfuðborgarsvæðisins.


### Þessir nýju athafna- stjórar hafa nú hafið störf hjá Siðmennt:

Bragi Páll Sigurðarson  
Brynhildur Björnsdóttir  
Erla Sigurlaug Sigurðardóttir  
Íris Stefanía Skúladóttir  
Kolbeinn Tumi Daðason  
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir  
Margrét Erla Maack  
Matthías Tryggvi Haraldsson  
Ragnar Ísleifur Bragason  
Ragnhildur Sigurðardóttir  
Sigurður Starr Guðjónsson  
Silja Jóhannesar Ástudóttir  
Svanhvít Sjöfn Skjaldardóttir  
Una Sighvatsdóttir  
Zindri Freyr Ragnarsson Caine



# Svipmyndir af athafnastjóraþingi

Hella | október 2022



## Athafnastjóraþing

Athafnaráð skipulagði og hélt vel heppnað athafnastjóraþing á Helli helgina 14.-16. október, og funduðu rúmlega 30 athafnastjórar alla helgina eða hluta úr henni. Stjórn samþykkti að niðurgreiða kostnað að mestu og sem fyrr nutu athafnastjórar búsettir á landsbyggðinni ferðastyrks, og það var afar ánægjulegt hversu mörg þeirra sáu sér fært að mæta. Sú sem lengst kom að var Silja Ástu Jóhannesardóttir frá Húsavík.

Dagskrá þingsins var fjölbreytt og skemmtileg og þátttaka var með ágætum. Á föstudeginum var lögð áhersla á að hrista hópinn saman og var dagskráin óformleg en upplýsandi; Tóttla I. Sæmundsdóttir, fræðslufulltrúi Samtakanna 78, sagði hópnum frá hinseginleikanum í fræðandi yfirferð og formaður bauð upp á spurningakeppni úr sögu Siðmenntar sem nýliðarnir og spurningahaukarnir Una Sighvatsdóttir, Bragi Páll Sigurðsson og athafnaráðsmeðlimurinn Arnar Snæberg Jónsson sigruðu. Naumlega.

Á laugardegnum heimsótti varalitaður fulltrúi valdsins, Arndís Soffía Sigurðardóttir sýslumaður í Vestmannaeyjum, þingið og fjallaði um hjúskaparlögin og framkvæmd vottunar hjónavígsluskilyrða í erindi sem reyndist miklu skemmtilegra en nokkur hafði þorað að láta sig dreyma um. Margrét Gauja og Inga Auðbjörg fluttu kjarnafyrirlestur um Siðmennt og húmanisma og síðasti liður fyrir hádegi var formleg útskrift 15 frábærra nýliða í hópi athafnastjóra.

Eftir hádegi stóð Bragi Páll Sigurðsson fyrir vinnustofu í ritun, þar sem athafnastjórar sýndu fádæma hugrekki við samningu og flutning prósaljóða um það sem bærast undir virðulegu yfirborði húmanistans. Dagskránni lauk með stuttri, líkamlegri æfingu í umsjón Írisar Stefaníu Skúladóttur. Um kvöldið sungu athafnastjórar í karóki og skemmtu sjálfum sér og hverjir öðrum í óborganlegu nasaflautudiskóbingói sem Arnar Snæberg Jónsson stýrði.

Á sunnudagsmorgninum var hópnum skipt upp í nokkra smærri og Anna Brynja Baldursdóttir leiddi Heimskaffi þar sem fjölbreytt álitamál voru rædd; allt frá því hvernig athafnastjórar iðka húmanisma í persónulegu lífi til væntinga þjónustubeganna, með millilendingu í

ásýnd Siðmenntar á samfélagsmiðlum. Umræður voru góðar og kom fram fjöldi punkta sem athafnaráð hyggst nýta í frekari vinnu.

Dagskránni var slitið um kl. 14 á sunnudaginn og hver hélt til síns heima; úrvinda og innblásinn í senn.

## Hoppað í hnapphelduna

Hugmyndin að einhverskonar hópathöfnum eða hraðathöfnum hefur komið oft en einu sinni upp í umræðum athafnastjóra sín á milli en aldrei orðið af. Liðið ár brá svo við að framkvæmd könnunar hjónavígsluskilyrða var breytt, og frá og með 1. september færðist hún alfarið á hendur Sýslumannsembættisins í Vestmannaeyjum. Athafnaráð lagði til að vakin yrði athygli á breytingunum, og athafnaþjónustu félagsins um leið, með því að bjóða tíu pörum að ganga í hjónaband þeim að kostnaðarlausu. Skemmst er frá því að segja að eftirspurnin varð margfalt sú sem gert var ráð fyrir. Innan sólarhrings frá því að viðburðurinn var kynntur var lokað fyrir skráningu og þá höfðu 50 pör skráð sig. Viðburðurinn var snarlega endurskipulagður og alls tókst að gefa 24 pörum tíma í hjónavígslu.

Athafnir voru bókaðar á 20 mínútna fresti, frá kl. 11 til kl. 19, mánudaginn 22. ágúst og fóru fram í Höfuðstöðinni í Elliðaárdal. Í boði var lifandi tónlist og pörum bauðst að velja sér lag sem leikið var sérstaklega fyrir þau í upphafi athafnar. Að athöfn lokinni bauðst pörunum að þiggja freyðivín eða -te og bita af hjónabandssælu, og smella af sér mynd í myndakassa.

Allir athafnastjórar gátu verið með og fengið að launum virknieiningu, og fór svo að fjórir athafnastjórar skiptu athöfnunum á milli sín. Að auki gengu sjálfbóðaliðar úr röðum nýliða um beina. Dagurinn heppnaðist með ágætum; hjónaefnin lýstu ánægju sinni og hnapphelduhoppið hlaut talsverða athygli í aðdragandanum og daginn sjálfan. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort viðburðurinn verður endurtekinn.

# Athafnir í tölum

og svipmyndir frá Hoppað í hnapphelduna


**51.063** kolefnisjafnaðir  
kílómetrar



125



nafngjafir



631



386



fermingarbarn

hjónavígslur



25



útfarir





# Borgaraleg ferming





*Fermingarathafnir Siðmenntar  
eru hátíðlegir viðburðir í kjölfar  
húmanískrar fermingarfræðslu.*

# Borgaraleg ferming

## Fermingarfræðsla

Siðmennt hefur staðið fyrir borgaralegum fermingum fyrir ungmenni í tæpan aldarþriðjung eða allt frá vori 1989. Markmið borgaralegrar fermingar er að styrkja sjálfsmynd, metnað og uppbyggilegt hugarfar ungmennanna. Fermingarfræðslan miðast við að efla heilbrigð og farsæl viðhorf unglinga til lífsins og búa þeim sem dýrmætast veganesti til framtíðar. Ungmennin sækja ýmist 11 vikna námskeið eða helgarnámskeið þar sem farið er yfir ýmis viðfangsefni sem ætlað er að dýpka þekkingu þeirra og skilning á ofantöldum atriðum.

Árið 2022 sótti 631 barn fermingarfræðsluna. Fræðslan fór fram í Reykjavík, Hafnarfirði, á Akureyri, í Reykjanesbæ, á Selfossi, Reyðarfirði og Akranesi, og er því ljóst að starfið nær nú víðsvegar um landið. Einnig er í boði fjarnám fyrir börn sem búa erlendis eða geta ekki sótt staðnám og voru þau 56 talsins í fjórum hópum.



## Fjórar meginstoðir húmanískrar fermingarfræðslu



### Stofninn

Samband  
okkar við  
grundvöll  
tilverunnar



### Sjálfíð

Samband  
okkar við  
okkur sjálf



### Samfélagið

Samband  
okkar á  
milli



### Samhengið

Samband  
okkar við  
náttúruna og  
umheiminn


Töluverðar breytingar urðu í fermingarfræðslunni vorið 2022 þar sem í fyrsta sinn störfuðu hvorki kennslustjóri né kennsluráð. Þess í stað sáu umsjónarleiðbeinendur um hvern hóp og sérstakir fagleiðbeinendur kenndu hverja námskrárstoð fyrir sig. Námskráin var gerð haustið 2021 og innleidd í fræðsluna á vormánuðum 2022.

Þá voru einnig í fyrsta sinn í boði fjölbreyttar námsleiðir í fermingarfræðslunni, og efnt til nýjunga með listsköpunarnámskeiði, útivistarnámskeiði og fermingarbúðum á Úlfljótsvatni. Fylltist fljótt í alla þá hópa og því ljóst að eftirspurnin eftir öðrum leiðum en hinni hefðbundnu er mjög mikil.

Listsköpunarfræðslan fór fram á fjórum sunnudögum þar sem hvern dag var lögð áhersla á sérstaka listgrein, og fræðsluefninu þá komið til skila með aðferðum myndlistar, ritlistar, tónlistar og leiklistar.

Útivistarnámskeiðið fékk vinnutilinn *Síðmennt undir jökli* og stoðirnar voru kenndar meðfram göngutúrum og samveru í Heiðmörk, við Hvaleyrarvatn og í göngu á Sólheimajökli. Fermingarbúðirnar við Úlfljótsvatn slógu í gegn og fylltist hratt á helgarnar tvær sem í boði voru.

*Fermingarbörnin flytja gjarnan listræn atriði í fermingarathöfnum. Þetta fermingarbarn lék á flygillinn og hlaut að launum lófaklapp.*





Hópfermingar hafa síðustu árin farið fram í Hörpu, sem er einstaklega hátíðlegt og fallegt.

## Leiðbeinendur í fermingafræðslu 2022

Adam Lárus Sigurðsson  
Arnar B. Einarsson  
Áslaug Guðný Unnarsdóttir  
Ástrós Anna Klemensdóttir  
Bæring Jón Breiðfjörð  
Bergþóra Ólög Björnsdóttir  
Bjarni Halldór Janusson  
Brynhildur Björnsdóttir  
Ellert Björgvín Schram  
Elsa Björg Magnúsdóttir  
Erla Sigurlaug Sigurðardóttir  
Eva Rós Ólafsdóttir  
Eydís Blöndal  
Eygló Árnadóttir  
Fönn Hallsdóttir  
Friðrik Bjartur Magnússon  
Guðrún Vala Elísdóttir  
Hilja Guðmundsdóttir  
Hólmfríður Þórisdóttir  
Jenný Lárentsínusdóttir  
Jóhanna B. Sveinbjörnsdóttir  
Jónatan Sólon Magnússon  
Karl Ólafur Hallbjörnsson  
Kristín Helga Schiöth  
Margrét Gauja Magnúsdóttir  
Sólveig Rós Másdóttir  
Tinna Eiríksdóttir  
Unnur Hjaltadóttir  
Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir  
Þórdís V. Þórhallsdóttir

## Athafnir árið 2022

### Fermingarathafnir


Árið 2021 luku nokkur börn ekki athöfn vegna faraldursins. Þau voru með í athöfnum ársins 2022 og var heildarfjöldi þeirra sem tóku þátt í borgaralegri fermingarathöfn á árinu alls 646.

Árið 2022 fóru fram 17 athafnir á tíu stöðum víðsvegar um landið. Lágmarksfjöldi fermingarbarna í athöfn í heimabyggð eru þrjú börn, en félagið lítur á það sem mikilvægan

lið í því að styrkja stöðu húmanista um allt land að þjónusta félagsfólk og fermingarbörn í sinni heimabyggð. Það er því alltaf ánægjulegt þegar nægilegur fjöldi fermingarbarna á stöðum eins og á Ísafirði, Hvammstanga, í Neskaupstað og Borgarbyggð er nægur til að halda athöfn í héraði. Nú fór í fyrsta sinn fram athöfn í Vestmannaeyjum sem var afar ánægjuleg viðbót og heppnaðist vel.

Bæjarfélag	Athafnarstaður	Dagsetning	Ræðumaður
Akranes	Tónberg	21. apríl	Aldís Arna Tryggvadóttir
Akureyri	Hofi	4. júní	Silja Jóhannesar-Ástudóttir
Borgarnes	Hljómaklettur	23. apríl	Sigursteinn Sigurðsson
Hvammstangi	Reykjasafnið	9. apríl	Oddur Vilhelmsson
Ísafjörður	Hamrar	4. júní	
Neskaupstaður	Nesskóli	28. maí	
Reykjanesbær	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	21. apríl	Jasmina Vajzović Crnac
Reykjavík	Harpa	2. apríl	Svavar Knútur og Haraldur Þorleifsson
Reykjavík	Harpa	3. apríl	Svavar Knútur og Helga Braga Jónsdóttir
Reykjavík	Harpa	23. og 24. apríl	Sólborg Guðbrandsdóttir
Selfoss	Fjölbrautaskóli Suðurlands	10. apríl	Sólborg Guðbrandsdóttir
Vestmannaeyjar	Kiwanis-salurinn	9. apríl	Zindri Freyr Ragnarsson Caine

*Gamalt og nýtt! Það er greinilegt að blúndur fara aldrei úr tísku, því eins og sjá má skrýða þær bæði fermingarbörn og upphlutsklædda fjölskyldumeðlimi.*





# Alþjóðastarf og viðburðir

# Alþjóðastarf

## Erlent samstarf

### Evrópusamtök húmanista lögð niður

Siðmennt hefur um árabil verið aðili að Evrópusamtökum húmanista (e. European Humanist Federation). Þessi samtök voru lögð niður í lok árs og verkefni samtakanna færð á vettvang Heimssamtaka húmanista (e. Humanist International). Helsta verkefni samtakanna hefur verið pólitískt aðhald með stjórnslu Evrópusambandsins í Brussel. Siðmennt studdi þessar breytingar. Fulltrúi Siðmenntar á slitafundi samtakanna 18. desember 2022 var Inga Auðbjörg K. Straumland.

### Þátttaka í innleiðingarverkefnum á Evrópuvísu

Að frumkvæði norskra húmanista hefur verið hafið innleiðingarverkefni á sviði færiþróunar faghúmanista. Siðmennt hefur heitið þátttöku sinni í verkefninu, en verkefnið krefst ekki fjárhagslegra framlaga, utan þátttöku í fundarhöldum og athygli starfsfólks og sjálfboðaliða. Þá hefur Siðmennt heitið þátttöku sinni í samstarfsverkefni innan Heimssamtaka húmanista um pólitískt aðhald með stjórnslu Evrópusambandsins. Aðildargjöld að síðarnefnda verkefninu eru á pari við það sem aðildargjöld nýslitinna Evrópusamtaka hefðu verið.



*Tinna Jóhannsdóttir og Krístrún Ýr Einarsdóttir tóku þátt í sumarskóla í sálgæslufræðum, sem skipulagður var af Fagsamtökum evrópskra húmanista og fram fór í Beukbergen í Niðurlöndum.*

### Norrænt samstarf vegna heimsþings

Heimsþing húmanista er stærsti einstaki viðburðurinn innan samfélags húmanista. Sumarið 2023 verður Ísland á meðal gestgjafa þingsins. Norðurlöndin hafa tekið höndum saman um að skipuleggja heimsþing í Kaupmannahöfn í ágústbyrjun og á Ísland fulltrúa í ráðgjafarhóp þingsins. Fulltrúi Siðmenntar er Inga Auðbjörg K. Straumland.

### Siðmennt skipar fulltrúa í Fagsamtök evrópskra húmanista

Ingu Auðbjörgu K. Straumland var boðið að taka sæti í European Humanist Professional, eða fagsamtökum evrópskra húmanista. Fagsamtökin skipuleggja þjálfun fyrir fólk sem vinnur á vettvangi húmanisma, svo sem athafnastjóra, kennara, fermingarfræðara, sálgæsluáðila eða starfsfólk húmanískra félagsamtaka.



## Erlendir viðburðir

### Alþjóðleg húmanistaráðstefna í Glasgow

Í samstarfi við Samfélag húmanista í Skotlandi héldu Heimssamtök húmanista alþjóðlega húmanistaráðstefnu í Glasgow í júní 2022. Rannsóknarspurning ráðstefnunnar var: Hvert er hlutverk húmanisma á nýrri upplýsingaöld? Samhliða ráðstefnunni var haldinn aðalfundur Heimssamtaka húmanista. Fulltrúar Siðmenntar á ráðstefnunni voru Inga Auðbjörg K. Straumland, Sigurður Rúnarsson, Stefán Rafn Sigurbjörnsson og Kolbrún Ósk Pétursdóttir.

### Sumarskóli í sálsgæslufræðum

Siðmennt sendi tvo fulltrúa í sumarskóla Fagsamtaka evrópskra húmanista í Beukbergen í Niðurlöndum í júlí. Sumarskólinn þjálfaði þátttakendur frá níu löndum í sálsgæslu. Fulltrúar Siðmenntar voru Tinna Jóhannsdóttir og Krístrún Ýr Einarsdóttir.



Fulltrúar Íslands á húmanistaráðstefnu í Glasgow; Kolbrún Ósk Pétursdóttir, Inga Straumland, Stefán Rafn Sigurbjörnsson, Bjarni Jónsson og Sigurður Rúnarsson



Inga Auðbjörg, formaður Siðmenntar, er nýr fulltrúi í Fagsamtökum evrópskra húmanista. Fulltrúi Norðmanna bauð hópnum í skálaferð í norsku fjalllendi.



## Afmæli Heimssamtaka húmanista

Fulltrúar Siðmenntar tóku þátt í hátíðahöldum vegna 70 ára afmæli Heimssamtaka húmanista í Amsterdam 27. ágúst 2022. Fulltrúar félagsins voru Inga Auðbjörg K. Straumland, Sigþrúður Guðmundsdóttir og Sigurður Rúnarsson, sem einnig tóku þátt í norrænum samstarfsfundi samhliða afmælishátíðinni.

## Húmanistaráðstefna í Ósló

Siðmennt var boðið að senda tvo fulltrúa á húmanistaráðstefnu hins norska systurfélags Siðmenntar, Human-Etisk Forbund, í október 2022. Viðfangsefni ráðstefnunnar var dauðinn, og fulltrúar Siðmenntar, sem voru Kristín Helga Schiöth og Sigþrúður Guðmundsdóttir, komu innblásnar heim af þessu veraldlega en jafnframt einlæga umfjöllunarefni. Á dagskránni trónaði dauðinn og það var hlegið, grátið og grufað yfir umræðum um sorgina, greftrunarsiði, dánaraðstoð, útfarir, dauðaheimspeki, umhverfisáhrif líkbrennslu, ástvinamissi, húmanisma við lífslok, draum norska formannsins um að enda sem rotmassi og möguleikann á því að hann geti ræst, en líka um gleðina, þakklætið, húmaníska sálgæslu, það að nýta tímann, pönnukökur, húmanisma við sjúkrabeð, stuðning á sorgarstundum og undrið að fá að vera til. Það var kannski ekki við því að búast að fólk sem fyrst og fremst trúir á jarðlífið hafi dauðann á dagskrá heila helgi án þess að fjalla mest um lífið sjálft.

*Fulltrúar Siðmenntar tóku þátt í húmanistaráðstefnu í Ósló, en þar var dauðinn sjálfur aðalumfjöllunarefnið.*

# Viðburðir á árinu

## Fjölskyldudagur á Klambratúni

Þriðja sumarið í röð var haldin fjölskylduhátíð á Klambratúni, 5. júlí, í afar íslensku veðri, sól í byrjun og rigning í lokin. Boðið var upp á grillaðar pulsar & bulsur, hoppukastala fyrir kát börn og skemmtiatriði. Í ár mætti Blaðrarinn sem mætti á svæðið og gerði blöðrudýr fyrir börnin ásamt Geddu gulrót úr Ávaxtakörfunni, sem kallaði eftir víðsýni og fjölbreytileika í gegnum söng og dans.

## Þingsetning

Árleg þingsetningarathöfn Siðmenntar fór fram í Tjarnarbíói þingsetningardaginn 13. september kl. 11.30–12. Að venju var alþingismönnum og aðstoðarfólki þeirra boðið til athafnarinnar og flutt lífandi tónlist og hugvekja. Að þessu sinni voru það mæðginin Hildur Vala Einarsdóttir og Jökull Jónsson sem fluttu tónlist, en að auki flutti Jökull ávarpsorð. Athöfninni var streymt á Facebook-síðu Siðmenntar.

*Hæfileikabúntin og mæðginin  
Hildur Vala og Jökull leika fyrir  
þingfulltrúa í Tjarnarbíói.*

## Málþing: Bara að vinna vinnuna sína

Félagið stóð fyrir málþingi um málefni fólks á flóttu frá siðfræðilegu- og sögulegu samhengi. Efni þingsins spratt upp úr atburðum á haustdögum, þar sem þau vinnubrögð sem beitt er við brottvikningu fólks í viðkvæmri stöðu úr landi voru harðlega gagnrýnd, sem og viðbrögð og viðbragðaleyfi ráðamanna. Málþingið var haldið í sal Garðyrkjufélags Íslands, Síðumúla 1, mánudaginn 21. nóvember kl. 17--19, og voru frummælendur þau Anna Marsibil Clausen, dagskrárgerðarkona hjá RÚV, Morgane Priet-Mahéo, stjórnarmeðlimur í Félagi barna á flóttu, og Henry Alexander Henrysson, doktor í heimspeki. Arnar Snæberg Jónsson stýrði umræðum.

## Vetrarsólstöðuhátíð

Á vetrarsólstöðum fögnuðum við hækkandi sól með opnu húsi á skrifstofunni þar sem félagsfólki var boðið að líta við í heitt súkkulaði og fallega tónlist. Einn af athafnastjórunum okkar, hún Brynhildur Björnsdóttir, söng nokkur lög fyrir gesti, og formaður Siðmenntar flutti lagið *Appelsín og malt* sem er þýðing hennar á texta Tim Michin, *White Wine in the Sun*.

## Verkefni

### Jólahugvekja

Líkt og undanfarin ár flutti Siðmennt jólahugvekju á X-inu 977 og hófst hún klukkan sex á aðfangadag. Hugvekjuna 2022 flutti Ingibjörg Sædis athafnastjóri, og fjallaði um fátækt og jólahald.



# Baráttan fyrir veraldlegu samfélagi



*Fermingarbörn sem velja sér að gangast undir fermingarfræðslu með útivistaráherslu fara í jökлагöngu og fá þannig að finna á eigin skinni hvaða áhrif loftslagsbreytingar hafa á jörðina okkar.*

## Samstarf innanlands

### Samráðsvettvangur trúar- og lífsskoðunarfélaga

Siðmennt tók sem áður þátt í Samráðsvettvangi trúar- og lífsskoðunarfélaga. Heimsfaraldurinn setti mark sitt á störf þessa vettvangs og eru engin sérstök tíðindi þaðan árið 2022. Tilgangur Siðmenntar með þátttöku í þessum óformlegu samtökum er annars vegar hagsmunagæsla gagnvart ríkinu hvað varðar skráningu í félögin og greiðslu sóknargjaldanna og hins vegar að fylgja fram mannréttinda- og trúfrelsisstefnu félagsins. Velflest skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög á Íslandi eiga hér fulltrúa og hefur fundarstjóri á fundum vettvangsins síðustu missera verið úr röðum katólikka. Fulltrúar Siðmenntar var árið 2022 voru Siggeir Ævarsson og Mördur Árnason.

## Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma

KGRP eru sjálfseignarstofnun safnaðanna í Reykjavík, Kópavogi og Seltjarnarnesbæ. Stjórn Kirkjugarðanna er skipuð einum fulltrúa frá hverjum söfnuði sem hefur 1500 eða fleiri einstaklinga sem eru 16 ára eða eldri. Stjórnin kýs þriggja manna framkvæmdastjórn, sem starfar náið með forstjóra, er annast allan daglegan rekstur. Fulltrúi Siðmenntar í stjórn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma árið 2022 til 2023 var Sigurður Rúnarsson og þar er hann einn af tuttugu og fjórum fulltrúum kirkjusókna og lífsskoðunarfélaga. Fundað er tvisvar á ári eða eftir því sem þörf krefur.

## Mannréttindaskrifstofa Íslands

Siðmennt tók einnig þátt í fundum Mannréttindaskrifstofu Íslands, fulltrúi Siðmenntar árið 2022 er Kristín Helga Schiöth. Tilgangur þátttöku Siðmenntar í starfi MRSÍ er að styðja við starfið sem þar fer fram, fylgjast með mannréttindamálum sem eru aðkallandi og að hafa augun opin fyrir þingmálum sem ástæða er til að Siðmennt skrifi umsagnir við. Siðmennt tók virkan þátt í að mótmæla skorti á samráði við gerð frumvarps til breytinga á lögum um útlendinga. Skorað var á ríkisstjórnina að stíga skref til baka í áformum sínum, dýpka samtalið við þau sem hafa með málefni útlendinga að gera og að ná faglegri sátt um málefni útlendinga. Í því höfðum við og önnur samtök því miður ekki erindi sem erfiði, en þótti mikilvægt að taka þátt.

## Umsagnir

Siðmennt einsetur sér að senda inn umsagnir við frumvörp og þingsályktunartillögur sem varða starfsemi Siðmenntar, veraldlegt samfélag, mannréttindi og kjarnagildi félagsins. Á árinu sendi Siðmennt þrisvar sinnum inn umsagnir til alþingis; tvisvar vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um kirkjugarða (dreifing ösku og reikningshald Kirkjugarðasjóðs) og eina umsögn vegna breytingu á almennum hegningarlögum, er varðar bann við bælingarmeðferð.



# Fjármál



# Fjármál

Fjárhagslegur rekstrargrundvöllur Siðmenntar styrkist frá ári til árs eftir því sem félögum fjölgar og samhliða stækkar hlutdeild félagsins í sóknargjöldum ríkisins. Sóknargjöld ársins 2022 voru kr. 56.427.200.- samanborið við kr. 48.046.730.- árið á undan. Viðsnúningur var í rekstri á milli ára þar sem 5,5 milljóna rekstrarhagnaður ársins 2021 snerist í 7,5 milljóna rekstrarhalla á árinu 2022. Munar þar mest um aukinn launakostnað á skrifstofu og auknar niðurgreiðslur til athafnaþjónustu.

Að undanskildum sóknargjöldum kemur stærsti einstaki tekjuliður félagsins til vegna borgaralegra ferminga en tekjur af þeim voru rúmar 34 milljónir á síðasta ári. Á móti kemur kostnaður sem nam á síðasta ári rúmlega 30 milljónum. Er þá ekki tekið tillit til launakostnaðar á skrifstofu þar sem starfsfólk í rúmlega einu stöðugildi vinnur að skipulagningu borgaralegra ferminga og fermingafræðslu. Hagnaður af borgaralegum fermingum án þess að tekið sé tillit til launakostnaðar er rúmlega 4 milljónir sem þýðir að borgaralegar fermingar eru að nokkru leyti niðurgreiddar með sóknargjöldum.

Töluverð aukning varð í athafnaþjónustu á árinu, einkum fjölgaði hjónavígslum á milli ára. Félagar í Siðmennt njóta afsláttarkjara af sínum athöfnum og því hefur fjölgun athafna gjarnan í för með sér hækkun niðurgreiðslu. Félagið greiddi niður athafnir um tæpar 12 milljónir á árinu en þá er ekki tekið tillit til launakostnaðar á skrifstofu. Alls voru tekjur ársins kr. 109.287.- samanborið við 96.085.124.- árið á undan. Skýrist þessi vöxtur fyrst og fremst af hækkun sóknargjalda en jafnframt hækkuðu tekjur vegna borgaralegra ferminga.

Stærsti kostnaðarliður ársins eru laun og launatengd gjöld, alls kr. 38.466.962.- Skýrist hækkunin einkum af fjölgun starfsfólks ekki síst samhliða aukningu í athafnaþjónstu. Gjöld vegna athafnaþjónustu voru tæplega 32 milljónir og höfðu þau hækkað um 10 milljónir á milli ára. Gjöld vegna vegna borgaralegra ferminga voru rúmlega 30 milljónir.

Gjöld sem falla undir annan rekstrarkostnað hækkuðu um 5 milljónir á milli ára. Munar mestu um hækkun kostnaðar vegna ráðstefna og erlends samstarfs auk þess sem húsaleiga hækkaði nokkuð.

Alls voru greiddar kr. 1.322.480 í gjafir og styrki á árinu, hæsti styrkurinn var hálfir milljón króna framlag í söfnun Þroskahjálpar vegna innrásarinnar í Úkraínu.

Bókhaldsfyrirtækið Pálsson og co tók yfir bókhaldsþjónustu Siðmenntar 2019 og hefur síðan þá unnið ársreiking félagsins sem birtist hér. Helstu niðurstöður eru að heildartekjur ársins voru 109.287.496 en gjöld kr.117.044.545. rekstrartap ársins var því, að teknu tilliti til fjáreignatekna og fjármagnsgjalda, kr. 7.542.221.-



## Áritun endurskoðanda

---

### Til stjórnar í Siðmennt

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Siðmenntar, félag siðrænna húmanista fyrir árið 2022 byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað faglega þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða félagið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirætlum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.

Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög um ársreikninga.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Ársreikningurinn og þær upplýsingar sem honum fylgja, þar á meðal nákvæmni og heild undirliggjandi gagna, er á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins.

Þar sem aðstoð við gerð ársreikningsins er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 18. mars 2023

---

Sigurður Straumfjörð Pálsson  
Löggiltur endurskoðandi

## Áritun og skýrsla stjórnar

---

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Aðalstarfsemi félagsins er lífskoðunarfélag.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var tap ársins 2022 kr. 7.542.221. Hrein eign félagsins í árslok nam kr. 13.416.163. Ráðstöfun á afkomu ársins og aðrar eiginfjárbreytingar koma fram í efnahagsreikning um eigið fé í ársreikningnum.

Stjórn Siðmennt staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 18. mars 2023

---

Inga Auðbjörg K. Straumland,  
Stjórnarformaður

## Rekstrarreikningur

Rekstrartekjur	Skýr.	2022	2021
Félagsgjöld .....	5.	56.427.200	48.046.730
Tekjur af borgarlegri fermingu .....	6.	34.331.706	29.885.864
Aðrar tekjur .....	7.	18.528.590	18.152.530
		<u>109.287.496</u>	<u>96.085.124</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Borgarleg ferming .....	8.	30.404.738	29.539.745
Aðrar athafnir .....	9.	31.740.787	20.736.077
Laun og launtengd gjöld .....	10.	38.466.962	28.784.467
Annar rekstrarkostnaður .....	11.	16.432.058	11.470.947
		<u>117.044.545</u>	<u>90.531.236</u>
<b>Rekstrarhagnaður (-tap)</b>		(7.757.049)	5.553.888
<b>Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Vaxtatekjur .....		344.703	92.423
Vaxtagjöld .....		(129.875)	(192.043)
		<u>214.828</u>	<u>(99.620)</u>
<b>Hagnaður (tap) ársins</b>		<u>(7.542.221)</u>	<u>5.454.268</u>

## Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	2022	2021
<b>Fastafjármunir</b>			
Viðskiptavild .....		496.000	496.000
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	3.	10.618.302	9.988.091
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>11.114.302</u>	<u>10.484.091</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		1.123.707	5.430.398
Verðbréfaeign .....		2.015.699	2.107.269
Aðrar skammtímakröfur .....		94.551	13.546
Handbært fé .....		30.937.025	29.980.668
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>34.170.982</u>	<u>37.531.881</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>45.285.284</u>	<u>48.015.972</u>

## 31. desember 2022

### Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2022	2021
<b>Eigið fé</b>	4.		
Óráðstafað eigið fé .....		20.958.384	15.504.116
Afkoma ársins .....		(7.542.221)	5.454.268
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>13.416.163</u>	<u>20.958.384</u>

### Skuldir

#### Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir .....		975.098	800.430
Ógreitt vegna starfsmanna .....	12.	1.532.151	1.396.020
Fyrirfram inheimtar tekjur .....		29.032.768	24.551.751
Aðrar skammtímaskuldir .....		329.104	309.387
<b>Skuldir samtals</b>		<u>31.869.121</u>	<u>27.057.588</u>

<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<u>45.285.284</u>	<u>48.015.972</u>
------------------------------------	-------------------	-------------------

## Skýringar

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga og að frádröginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

### Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóður og bankainnstæður.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.

### Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til félagsins og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti. Tekjur eru metnar á gangvirði móttækens endurgjalds að frádrögnum afsláttum og sköttum.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

### 3. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Hugbúnaður	Innréttingar- áhöld og tæki	Samtals
Stofnverð 1/1 .....	9.118.714	869.377	9.988.091
Viðbót á árinu .....	0	630.211	630.211
Bókfært verð 31/12 .....	<u>9.118.714</u>	<u>1.499.588</u>	<u>10.618.302</u>
Stofnverð alls 31/12 .....	9.118.714	1.499.588	10.618.302
Afskrifað alls 31/12 .....	0	0	0
Bókfært verð 31/12 .....	<u>9.118.714</u>	<u>1.499.588</u>	<u>10.618.302</u>
Afskriftarhlutföll .....	0%	0%	

### 4. Eigið fé

	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1/1 .....	20.958.384	20.958.384
Afkoma ársins .....	(7.542.221)	(7.542.221)
Eigið fé 31/12 .....	<u>13.416.163</u>	<u>13.416.163</u>

## Sundurliðanir

	2022	2021
<b>5. Félagsgjöld</b>		
Félagsgjöld innh., ríkissjóð .....	54.637.200	46.946.730
Félagsgjöld önnur .....	1.790.000	1.100.000
	<u>56.427.200</u>	<u>48.046.730</u>
<b>6. Tekjur af borgarlegri ferminu</b>		
Borgarleg ferminu .....	34.331.706	29.885.864
	<u>34.331.706</u>	<u>29.885.864</u>
<b>7. Aðrar tekjur</b>		
Gifting .....	12.925.148	12.452.100
Nafngjöf .....	2.931.802	2.214.400
Akstur, göng og fl. útselt .....	2.671.640	3.486.030
	<u>18.528.590</u>	<u>18.152.530</u>
<b>8. Borgarleg ferminu</b>		
Húsaleiga v. athöfn BF .....	5.266.929	4.687.771
Húsaleiga v. námskeið BF .....	2.656.000	3.528.742
Skirteiniskostnaður BF .....	686.216	664.125
Kynningarefni og auglýsingar BF .....	181.784	1.255.731
Fræðsla BF .....	12.774.225	9.746.970
Ferminuastjórn .....	790.000	0
Kennsluráð BF .....	1.674.729	2.321.202
Ræðumaður BF .....	600.450	330.000
Ljósmyndari BF .....	280.000	678.340
Tónlist BF .....	496.176	580.818
Akstur BF .....	744.414	521.649
Skreyting á sal BF .....	495.983	504.541
Annað v. BF .....	1.405.096	959.984
Búnaður v. BF .....	122.816	154.172
Athafnastjórn v. BF .....	2.070.120	3.605.700
	<u>30.404.738</u>	<u>29.539.745</u>
<b>Niðurstaða af Borgarlegri ferminu:</b>		
Hagnaður / (tap) af Borgarlegri ferminu .....	3.926.968	346.119

## Sundurliðanir

	2022	2021
<b>9. Aðrar athafnir</b>		
Þingsetningaráthöfn .....	641.947	675.771
Akstur Gifting .....	5.411.247	3.495.194
Athafnastjórn Gifting .....	17.418.870	12.816.270
Akstur - Nafngjöf .....	147.960	168.682
Athafnastjórn námskeið .....	1.484.046	0
Athafnastjórn Nafngjöf .....	2.694.858	2.617.300
Fatastyrkur athafnastjóra .....	25.000	175.000
Akstur útför .....	77.940	94.160
Annað v. útför .....	806.780	7.900
Ræðimaður gifting .....	0	70.000
Athafnastjórn handleiðsla .....	1.691.580	0
Annað v. Gifting .....	230.600	0
Skirteiniskostnaður útför .....	1.359	0
Athafnastjórn útför .....	1.108.600	615.800
	<u>31.740.787</u>	<u>20.736.077</u>
<b>Niðurstaða úr athöfnum:</b>		
Hagnaður / (tap) af giftingum .....	(10.135.569)	(3.929.364)
Hagnaður / (tap) af nafngjöf .....	88.984	(571.582)
Hagnaður / (tap) af útförum .....	(1.187.899)	(615.800)
Hagnaður / (tap) af öðrum athöfnum .....	(641.664)	2.533.199
	<u>(11.876.148)</u>	<u>(2.583.547)</u>
<b>10. Laun og launtengd gjöld</b>		
Laun .....	29.842.792	22.062.550
Bifreiðastyrkir .....	186.468	103.064
Dagpeningar .....	208.480	279.327
Tryggingagjald .....	2.148.427	1.671.816
Mótframlag í lífeyrissjóð .....	3.338.238	2.767.406
Mótframlag í séreignisjóð .....	548.391	471.926
Félagstengd gjöld .....	618.206	559.450
Námskeið og þjálfun starfsmanna .....	68.675	343.778
Þjálfun kennara BF .....	0	60.000
Annar starfsmannakostnaður .....	735.485	445.150
Ráðningaráþjónusta v. ráðningar á framkv. stjóra .....	558.000	0
Athafnastjórn námskeið .....	213.800	20.000
	<u>38.466.962</u>	<u>28.784.467</u>

## Sundurliðanir

	2022	2021
<b>11. Annar rekstrarkostnaður</b>		
<b>Rekstur áhaldna og tækja</b>		
Tölvu- og símabúnaður .....	125.414	432.495
Áhöld og skrifstofuvörur .....	498.363	139.514
Rekstur tölvukerfis án vsk .....	794.874	610.961
Hugbúnaður án vsk .....	616.339	533.545
	<u>2.034.990</u>	<u>1.716.515</u>
<b>Skrifstofukostnaður</b>		
Síma og Internetkostnaður .....	895.732	595.725
Húsaleiga .....	3.753.843	1.560.000
Burðargjald .....	7.643	28.101
Auglýsingar .....	159.748	307.877
Pappír, prentun og ritföng .....	163.314	0
Vefsíða .....	396.878	389.000
Vísindaferðir og kynningarfundir .....	84.873	1.543.253
Ýmis kostnaður bifv. ....	3.049	0
Annar kostn. ....	55.885	0
Annar húsnæðiskostn. ....	30.123	15.264
Rekstrarvörur og smááhöld .....	157.553	149.519
	<u>5.708.641</u>	<u>4.588.739</u>
<b>Ráðstefnur, erlent samstarf og annar tengdur kostnaður:</b>		
Ímyndarvinna Siðmenntar .....	0	575.016
Ráðstefnur og málþing .....	1.361.421	0
Kynningastarf - Hnapphelda .....	610.568	0
Ráðstefna Glasgow .....	805.895	0
Erlent samstarf .....	1.303.170	593.168
Þátttaka í erlendu samstarfi (aðildargj) .....	355.933	324.554
Sumarhátíð .....	130.107	0
	<u>4.567.094</u>	<u>1.492.738</u>
<b>Aðkeypt þjónusta</b>		
Bókhald og reikningsskil .....	413.910	309.535
Ársreikningur og tilf. kostn. ....	596.754	581.250
Aðkeypt afleysing skrifstofu .....	1.005.925	0
Aðkeyptur akstur sendi- og leigubifreiða .....	62.050	0
Aðkeypt sérfræðiaðstoð .....	60.000	0
	<u>2.138.639</u>	<u>890.785</u>

## Sundurliðanir

	2022	2021
<b>Sjórnun og umsýsla</b>		
Athafnastjórar - ýmis kostnaður .....	31.685	31.000
Athafnastj. fundur .....	25.000	313.687
Funda og viðskiptakostnaður án vsk .....	0	220.470
Kaffikostnaður skrifstofu .....	331.314	149.665
Aðalfundur .....	49.000	216.067
Kolefnajöfnun félagsins .....	0	99.180
Þjóðskrá v. innh. félagsgjalda .....	0	95.422
Þjónustugjöld v. banka og korta .....	104.415	429.880
Útvarpsgjald .....	18.800	18.300
	<u>560.214</u>	<u>1.573.671</u>
<b>Gjafir og styrkir</b>		
Landssamtökin Þroskahjálp .....	500.000	0
Unicef .....	55.000	60.000
Pepp grasrót fólks í fátækt .....	100.000	0
Humanist International .....	177.480	181.299
Humanista viðurkenning .....	100.000	32.200
Aðventutónleikar .....	0	135.000
Róttín, aðventutónleikar .....	0	100.000
Rauði krossinn - Seyðisfjörður .....	0	200.000
Hinsegin dagar .....	70.000	150.000
Karolina fund - Ofbeldisforvarnarskólinn .....	0	150.000
Samtökin 78 - Húmanistaviðurkenning .....	0	100.000
Bergið - Húmanistaviðurkenning .....	0	100.000
Aðrar gjafir og styrkir .....	420.000	0
	<u>1.422.480</u>	<u>1.208.499</u>
<b>Samtals annar rekstrarkostnaður</b>	<b>16.432.058</b>	<b>11.470.947</b>
<b>12. Ógreitt vegna starfsmanna</b>		
Ógreiddur lífeyrissjóður .....	1.074.519	579.929
Ógreidd staðgreiðsla og tryggingagjald .....	457.632	816.091
	<u>1.532.151</u>	<u>1.396.020</u>

